




STARFSSKÝRSLA 2010 TIL 2011

**STARFSSKÝRSLA
2010–2011**



Umsjón: Hrafn Magnússon

Prentvinnsla: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Hönnun: Hvíta húsið

Kápu mynd: Fuglar á þunnum ís

Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson bls. 4 og aðrar myndir Jóhannes Long

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	6
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	7
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Viðbragðshópur LL	10
Eignastýringarhópur LL	11
Úttektarnefnd LL	11
Framtakssjóður Íslands	12
Kaup lífeyrissjóðanna á eignum Avens.	13
Um aðgerðir vegna skuldsettra heimila	14
Erlent samstarf	15
Umsagnir	16
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	20

Ársreikningur 2010

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	23
Áritun óháðs endurskoðanda	24
Rekstrarreikningur ársins 2010	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit árið 2010	28
Skýringar	29

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2010 reyndist afar viðburðaríkt í starfsemi lífeyrissjóðanna, endavoru afleiðingar banka- og efnahagshrunsins haustið 2008 enn að birtast með tilheyrandi afskriftum í eignasafni þeirra. Engu að síður verður að ætla að nú hafi eignarýrning af völdum efnahagshrunsins og afleiðingar þess komið að langmestu leyti fram í ársreikningum sjóðanna.

Árið 2011 verður því hið fyrsta eftir hrun þar sem áhrifa þess gætir óverulega í afkomu sjóðanna.

Eftir hrun blasir við gjörbreytt efnahagsumhverfi, viðvarandi atvinnuleysi, gjaldeyrishöft og takmarkaðir möguleikar lífeyrissjóða til fjárfestingar. Jákvæðu tíðindin árið 2010 voru hins vegar lítil verðbólga, styrking krónunnar og umtalsverð vaxtalækkun. Tekjur heimila, fyrirtækja og opinberra aðila drógust saman og óhjákvæmilegar afleiðingar þess eru minni velta í hagkerfinu og skert þjónusta. Enginn er eyland í þessum efnunum, enda er erfitt efnahagsástand ríkis víða í Evrópu og Bandaríkjunum með tilheyrandi atvinnuleysi.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að vegið meðaltal nafnávöxtunar lífeyrissjóða hafi verið um 5,1% á árinu 2010 en verðbólga á sama tímabili var 2,6%. Þetta er því 2,5% hrein raunávöxtun að jafnaði á árinu 2010. Raunávöxtun sjóðanna 2010 var eðlilega nokkuð misjöfn eftir samsetningu og ávöxtun eignaflokka. Í bankahruninu árið 2008 varð raunávöxtun lífeyrissjóða neikvæð um 22% en árið 2009 var hún jákvæð um 0,3%. Voru þetta mikil umskipti til hins betra en engu að síður eru afleiðingar hrunsins enn að koma fram í ársreikningum 2010.



Helstu hlutabréfavisitölur í Bandaríkjunum hækkuðu mikið á árinu 2010 eftir mikla dýfu árið 2008. Bandaríska S&P500 hlutabréfavisitalan hækkaði um rúm 15% í Banda-

ríkjadöllum og heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um rúm 12% mælt í Bandaríkjadöllum. Áhrif þessara hækkana skila sér ekki með sama hætti í eignasafni sjóðanna vegna 11,6% styrkingar á gengi íslensku krónunnar á árinu 2010.

Heildareignir lífeyrissjóðanna voru áætlaðar 1.914 milljarðar króna í árslok 2010 en voru 1.774 milljarðar króna í árslok 2009 og höfðu því aukist um 140 milljarða króna á einu ári. Upplýsingar um þessa 8% aukningu heildareigna sjóðanna og skiptingu þeirra í eignaflokka eru frá Seðlabanka Íslands. Eignaaukningin gefur samt ekki rétta mynd af ávöxtun sjóðanna því iðgjaldatekjur eru töluvert hærri en lífeyrisgreiðslur og útgreiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Þrátt fyrir áframhaldandi afskriftir og varúðarfærslur skilaði stærstur hluti eigna sjóðanna góðri ávöxtun árið 2010.

Til þess að lífeyrissjóðir geti staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar þarf árleg langtímaávöxtun þeirra að nema 3,5% umfram innlenda verðbólgu. Afkoma síðustu fimm ára er langt undir þeirri viðmiðun og munar þar mest um mjög neikvæða afkomu árið 2008. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar sjóðanna 2006–2010 er neikvætt um 2,3% en 10 ára meðaltal áruna 2001–2010 er aftur á móti jákvætt um 1,6%. Áföllin eftir bankahrunið leiddu til þess að nokkrir lífeyrissjóðir urðu að lækka lífeyrissréttindi og skerða lífeyrisgreiðslur. Því skal þá jafnframt til haga haldið að þessir sömu sjóðir juku réttindi sjóðfélaga umfram hækkun vísitölu þegar ávöxtun var hvað hæst á árunum 2003–2006. Jafnframt er vert að halda því til haga að frá september 2008 hefur vísitala lífeyrisgreiðslna sjóðanna hækkað um 18% en launavísitala hefur hins vegar hækkað mun minna á sama tímabili eða um tæplega 10%.

Fjármálakreppan og gjaldeyrishöft leiddu óhjákvæmilega til mjög breyttrar fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Mikil aukning hefur orðið í hverskonar innlánsformum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánum. Í árslok 2010 námu innlendar eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 75% af heildareignum þeirra en erlendar eignir sjóðanna



tæpum 25%. Í árslok 2009 voru þessi hlutföll 70% í innlendum eignum og 30% í erlendum eignum.

Í lok maí 2010 tóku lífeyrissjóðir þátt í umfangsmiklum kaupum á ríkistryggðum íbúðabréfum af Seðlabanka Íslands að fjárhæð 88 milljarðar króna. Skuldabréf þessi höfðu verið veðsett seðlabankanum í Luxemborg og voru kaupin liður í því að flyta fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Lífeyrissjóðirnir greiddu fyrir íbúðabréfin með sölu á erlendum eignum og lauk þessum viðskiptum með lokauppgjöri í desember 2010. Viðskiptin reyndust mjög hagkvæm fyrir sjóðina og bættu nokkuð tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Gríðarleg aukning skulda og vanskila einstaklinga og heimila hefur verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu allt frá bankahruni. Haustið 2010 var boðað til viðræðna um viðtækt samráð vegna skuldavanda heimilanna. Þeim lauk með undirritun viljayfirlýsingar 3. desember 2010 og í kjölfarið fylgdu ítarlegar verklagsreglur um framkvæmdina. Það reyndi mjög á lífeyrissjóðina í þessum viðræðum. Þrátt fyrir að útlán lífeyrissjóða séu yfirleitt afar vel tryggð felur samkomulagið í sér nokkur útgjöld fyrir sjóðina. Þá var einnig samið um að fjármálaþyrtingu og lífeyrissjóðir fjármagni sérstaka tímabundna vaxtalækkun á íbúðarlánum árin 2011 og 2012. Samhliða þessu var gert samkomulag lífeyrissjóða og stjórnvalda um að draga úr vixlverkun bóta almennatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóðanna.

Viðræður við skilaneindir föllnu viðskiptabankanna, um stöðu og uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóða, hafa staðið yfir með með hléum allt frá efnahagshruni. Ýmislegt hefur orðið til þess að tefja þessar viðræður og ekki hefur enn náðst þar viðunandi niðurstaða fyrir lífeyrissjóðina. Sjóðirnir lögðu fram sáttatilboð í lok árs 2008 í ljósi uppgjors þar sem miðað er við opinbera gengisvísitölu við fall bankanna og skuldajöfnun. Enn er óvíst hvort hægt verði að ljúka þessum málum með samningum eða hvort komi til kasta dómstóla að útkljá deiluna.

Fulltrúar lífeyrissjóða tóku þátt í viðræðum við full-



trúa stjórnvalda og ríkisfyrirtækja um fjármögnun framkvæmda í samgöngumálum. Í júlí 2010 voru teknar upp formlegar viðræður við fulltrúa stjórnvalda um sjálfbærar samgönguframkvæmdir árin 2011–2016 vegna hluta Suðurlandsvegar, Reykjanesbrautar, Vesturlandsvegar og Vaðlaheiðarganga. Gert var ráð fyrir veggjöldum að framkvæmdum loknum og að lán lífeyrissjóða til framkvæmdanna væru ekki með ríkisábyrgð. Samkomulag tókst ekki um vaxtakjör og slitu fulltrúar stjórnvalda viðræðum í byrjun desember 2010.

Ríkisvaldið leitaði til lífeyrissjóða um að fjármagna framkvæmdir við nýja samgöngumiðstöð við Reykjavíkurlflugvöll. Viðræður þar að lútandi hófust og voru langt komnar þegar staðfest var að Reykjavíkurborg myndi ekki veita nauðsynlegar heimildir fyrir samgöngumiðstöðina. Þá var viðræðum sjálfhætt. Eftir stendur því einungis viljayfirlýsing 20 lífeyrissjóða frá 4. nóvember 2009 um fjármögnun byggingar nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hönnun og undirbúningur er hafinn en ekki reynir á það fyrr en að loknu útboði verksins hvort lífeyrissjóðir komi að fjármögnun nýs Landspítala.

Forystumenn lífeyrissjóða ákváðu í lok mars 2011 að kanna mögulega aðkomu sjóðanna að eignarhaldi og/eða fjármögnun fyrirhugaðrar Hverahlíðarvirkjunar, sem Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið að í nokkur ár. Þessar viðræður eru á byrjunarstigi. Þá hafa lífeyrissjóðir átt viðræður um kaup á eignarhlut í HS Orku hf. og eru þær að komast á lokastig.

Stjórn og varastjórn Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkti á fundi sínum 24. júní 2010 að skipa þriggja manna nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Stjórnin fól ríkissáttasemjara að tilnefna fulltrúa í úttektarnefndina og tók hún til starfa haustið 2010.

Arnar Sigurmundsson




HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

HLUTVERK SAMTAKANNA ER:

- a) Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samtökunum.
- b) Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- c) Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- d) Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- e) Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- f) Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- g) Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þess og tilgangi.

Eignir lífeyrissjóðanna 2008 til 2011 (febrúar)



STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Arnar Sigurmundsson, formaður
Haukur Hafsteinsson, varaformaður
Friðbert Traustason
Guðrún Guðmannsdóttir
Gunnar Baldvinsson
Helgi Magnússon
Konráð Alfreðsson
Þorbjörn Guðmundsson

Vararstjórnin er þannig skipuð:

Arnaldur Loftsson
Bjarki A. Brynjarsson
Björn Snæbjörnsson
Elsa B. Friðfinnsdóttir
Jón G. Kristjánsson
Ólafur Sigurðsson
Sigrún Helga Einarsdóttir
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 14 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykka samtakanna.



Frá vinstri efri röð: Helgi Magnússon, Gunnar Baldvinsson, Konráð Alfreðsson, Þorbjörn Guðmundsson, Friðbert Traustason og Haukur Hafsteinsson, varaformaður.

Neðri röð frá vinstri: Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri, Arnar Sigurmundsson, formaður og Guðrún Guðmannsdóttir.

AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka Lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 18. maí 2010. Sigurður Bessason stjórnaði fundi en fundarritari var Gylfi Jónasson.

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, hélt ræðu undir fyrisögninni „Lífeyrissjóðir í þágu samfélagsins.“ Steingrímur rakti í stuttu máli tilurð og þróun lífeyrissjóðakerfisins og taldi það mikið gæfuspor að menn skyldu hefja þessa uppbyggingu á sínum tíma. Þrátt fyrir þau áföll sem dunið hafa yfir væri hrein eign lífeyrissjóðanna, mæld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, með því besta sem gerist meðal þjóða í árslok 2009. Nefndi hann einnig að þrátt fyrir þær skerðingar réttinda sem nú ættu sér stað hjá almennu lífeyrissjóðunum væru menn komnir á svipaðan stað hvað réttindin varðar og árið 2006, en sjóðirnir hafi aukið réttindi umtalsvert árin 2006–2007. Steingrímur taldi lífeyrissjóðina vera eitt helsta akkerið í íslensku efnahagslífi og að þeir hefðu veigamiklu samfélagslegu hlutverki að gegna. Þannig gætu þeir gegnt lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu sem framundan væri í íslensku samfélagi.

Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, flutti erindi er nefndist: „Bankahrúnið og lærdómur lífeyrissjóða“. Salvör nefndi að í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis hafi komið fram mikil gagnrýni sem taka þurfi tillit til. Þó ekki sé fjallað ýtarlega um lífeyrissjóðina í skýrslunni, komi þar fram þó nokkur atriði sem ástæða sé til að staldra við. Salvör taldi að umhverfið fyrir bankahrún hafi verið fjandsamlegt langtímafjárfestum eins og lífeyrissjóðum. Varnir sjóðanna hafi ekki verið nægjanlegar gagnvart bönkum og fyrirtækjum. Nauðsynlegt væri að vönduð umræða fari fram um stefnu, hlutverk og starfshætti lífeyrissjóða. Salvör taldi hlutverk lífeyrissjóðanna mikilvægt í því ferli að endurheimta traust og stuðla að nýjum vinnubrögðum á markaði, ekki síst vegna sterkra tengsla þeirra við verkalýðshreyfinguna og atvinnulífið.

Úthlutað var rannsóknarstyrk LL. Arnar Sigurmundsson afhenti styrkinn. Styrkinn, 600.000 kr., hlaut að þessu sinni Andrés Tómasson fyrir meistararitgerð sína „Samánburður á íslenska lífeyrissjóðakerfinu og kerfa innan OECD“.

Arnar Sigurmundsson, formaður LL, flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.

Fram kom í skýrslu Arnars að þjóðfélagsumræðan hafi mótast af því gríðarlega áfalli sem bankahrúnið og eftirmálar þess hafa valdið í samfélaginu. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa alvarlega ástands, sem skapaðist með falli bankanna, var frekari veiking krónunnar, aukin verðbólga, margföldun atvinnuleysis, ásamt mikilli skuldaaukningu hjá fólki og fyrirtækjum.

LL áætla að vegið meðaltal raunávöxtunar lífeyrissjóðanna hafi verið um 0,4% á árinu 2009. Bandaríska S&P500 hlutabréfavistalan hækkaði um rúm 23% í dollurum. Heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um 27% í dollurum, en hún er helsti mælikvarði á breytingar á hlutabréfamörkuðum í heiminum. Áhrifin af þessum hækkuðum hafi skilað

sér enn betur hér á landi vegna nokkurrar lækkunar á gengi íslensku krónunnar á síðasta ári. Þrátt fyrir áframhaldandi eignarýrnun lífeyrissjóðanna áætla Seðlabanki Íslands að heildareignir lífeyrissjóðanna hafi aukist um 195 milljarða króna á árinu 2009. Heildareignir lífeyrissjóðanna í lok síðasta árs væru áætlaðar 1.786 milljarðar en voru 1.591 milljarðar króna í árslok 2008. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna umreiknaðar í íslenskar krónur voru 12% hærri í árslok 2009 en í ársbyrjun þrátt fyrir að sjóðirnir hafi innleyst umtalsverðar erlendar eignir á árinu. Ekkert bólar á afnámi gjaldreyrishaftanna og hefur þessi þrönga staða komið mjög niður á möguleikum lífeyrissjóðanna til frekari áhættudreifingar með fjárfestingum erlendis og betri ávöxtunar.

Gríðarleg vinna hefur farið fram á vettvangi LL með lífeyrissjóðunum sem miðar að því að gæta heildarhagsmuna sjóðanna í öllu því umróti sem fylgdi falli bankanna. Til þess að fylgja málum eftir hafi verið leitað til sérfræðinga innan og utan lífeyrissjóðanna. Samhliða þessu hafa verið og eru starfandi málefna- og starfshópar innan LL sem fjalla um afmörkuð verkefni tengdum margvíslegum hagsmunum sjóðanna.

Flestir lífeyrissjóðirnir höfðu um nokkurt árabíl verið með gjaldmiðlavarnarsamninga við viðskiptabankanna. Þessir samningar höfðu þann tilgang að draga úr sveiflum á erlendum eignum sjóðanna og var hægt að framlengja þá eftir þörfum í viðkomandi banka. Þegar bankarnir fóru á hliðina haustið 2008 voru þessir samningar komnir í neikvæða stöðu vegna gengisfalls krónunnar í aðdraganda bankahrunsins. Eftir viðræður við allar skilaneindir bankanna lögðu fulltrúar lífeyrissjóðanna fram sáttaboð í lok árs 2008 sem gerði ráð fyrir skuldajöfnun vegna skuldabréfa á bankanna og greiðslu mismunar sem miðar við hina opinberu gengisvísitölu 175 við fall bankanna.

Viðræður við skilaneindir og slitastjórnir gömlu bankanna höfðu þá litlu skilað sem hönd væri á festandi. Hlé var gert á viðræðum við skilaneindir og slitastjórnir þegar stytast fór í að rannsóknarnefnd Alþingis vegna bankahrunsins skilaði skýrslu sinni. Frá því skýrslan var lögð fram hafa sérfræðingar á vegum sjóðanna verið að kanna hvort þær upplýsingar sem þar koma fram um aðdraganda bankahrunsins hafi viðtæk áhrif á framhald málsins við skilaneindir bankanna. Líkur á því að þessi og fleiri mál tengdum gömlu bönkunum endi fyrir dómstólum hafa ekki minnkað við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Atburðir síðustu daga og stefnur slitastjórna gömlu bankanna á hendur nokkrum stjórnendum og eigendum gömlu viðskiptabankanna sýna svo ekki verður um villst að þar hafa verið í gangi viðskiptahættir og blekkingar sem fæsta óraði fyrir.

Af öðrum stórum málum sem LL hefur komið að á starfsárinu eru undirbúningur og stofnun fjárfestingasjóðs lífeyrissjóðanna. Eftir mikla kynningu meðal lífeyrissjóða var Framtaksjóður Íslands slhf. stofnaður 8. desember s.l. með 30 milljarða kr. í hlutfjárloforðum frá 16 lífeyrissjóðum.

Sjóðurinn er kominn vel á skrið og unnið er að skoðun á mögulegum fjárfestingakostum. Ráðgjafaráð FSÍ, þar sem fulltrúar allra stofnsjóða koma að, er einnig tekið til starfa. Í starfsreglum sjóðsins er gert ráð fyrir þeim möguleika að einstaka lífeyrissjóðir geti verið meðfjárfestar með FSÍ í einstökum stærri verkefnum í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína í félaginu. Starfsemi Framtakssjóðs Íslands slhf. mun geta skipt miklu máli við endurreisn íslensks atvinnulífs á næstu árum og ýtt undir og flýtt því brýna verkefni að líf komist í Kauphöll Íslands á nýjan leik.

Í aðdraganda Stöðugleikasáttmála ríkisins, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði í lok júní 2009 var komið á fót sérstökum aðgerðahópi lífeyrissjóða. Veigamikill liður með sáttmálanum var að koma hjólum atvinnulífsins af stað og í því sambandi var leitað til lífeyrissjóðanna um fjármögnun opinberra framkvæmda. Fulltrúar hópsins hafa tekið þátt í viðræðum við stjórnvöld um fjármögnun viðamikilla sjálfbærra verklegra framkvæmda í samgöngumálum. Hér er um gríðarleg verkefni að ræða og viðræður eru skammt á veg komnar í þeim flestum. Þessu til viðbótar áttu fulltrúar lífeyrissjóðanna einnig viðræður við Landsvirkjun um fjármögnun vegna Búðarhálsvirkjunar, en þær viðræður hafa legið niðri um nokkurt skeið. Á síðari stigum hafa fulltrúar hópsins einnig átt í viðræðum við fulltrúa fjármálaráðuneytis og Lánasjóðs sveitarfélaga um fjármögnun 3ja ára átaks í viðhaldi opinberra bygginga í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þess er að vænta að niðurstöður í þeim viðræðum geti legið fyrir innan mjög skamms tíma.

Þá tóku fulltrúar hópsins þátt í viðræðum um byggingu nýs Landsspítala við Hringbraut og var gengið frá viljayfirlýsingu stjórnvalda og 20 lífeyrissjóða í nóvember 2009. Málið er í eðlilegum farvegi á vegum verkefnisstjórnar á vegum stjórnvalda. Aðkoma lífeyrissjóðanna að fjármögnun þess liggur ekki fyrir og kemur tæplega í ljós fyrr en að loknu heildarútbóði.

Heildareignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu eru meðal þeirra hæstu í heimi þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins og gríðarlegra erfiðleika sem hafa fylgt í kjölfarið. Áætlað er að hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 120% af vergri landsframleiðslu í árslok 2009, en voru 112% í árslok 2008 og höfðu komist hæst í 130% árið 2007.

Stjórn LL skipaði sérstaka nefnd í maí 2009 til að fjalla um hvað lífeyrissjóðirnir gætu lært af þeim fjárhagslegu áföllum sem dunið hafa yfir íslensk þjóðfélag allt frá hruni viðskiptabankanna í október 2008. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna margvíslegar tillögur til úrbóta. Ákveðið var að gera ráðstafanir til fylgja tillögunum eftir á vettvangi LL. Í framhaldinu var myndaður sérstakur eignastýringahópur. Áriðandi er að þessu mikilvæga verkefni ljúki sem fyrst.

Nokkrir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði hafa neyðst til að skerða réttindi og greiðslur vegna bankahruns-

ins og afleiðinga þess. Komu þessar lækkanir fram eftir ársfundi þeirra á síðasta ári og sama gildir á þessu ári. Nema þessar lækkanir allt frá 5-17%, en það er svipað hlutfall og sjóðirnir greiddu í hækkuð lífeyrisgreiðslna umfram neysluvísitölu og á síðustu árum fyrir bankahrunið. Á sama tíma er nokkur umfjöllum um óskertar lífeyrisgreiðslur hjá sjóðum sem starfa með ábyrgð launagreiðenda. Þessi umræða með öðru kallar fram tortryggni í garð lífeyrissjóðanna og hefur dregið úr trúverðuleika þeirra.

Samtök aðila vinnumarkaðarins hafa undanfarna mánuði rætt um stöðu og framtíðaruppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins. Þetta er gríðarlegt mikilvægt verkefni og hefur umfang þess vaxið við bankahrunið og afleiðingar þess. Á þeim vettvangi hefur komið fram sú skoðun að ástæða sé til þess að fram fari ítarleg skoðun á starfsemi og fjárfestingum lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins.

Á næsta fundi stjórnar LL verður lögð fram tillaga um að skipa sérstaka nefnd sem fái það hlutverk að kanna ítarlega starfshætti og fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins. Tryggja þarf umfram allt að vandað verði til verka eins og mögulegt er og að vinnubrögð og niðurstöður skýrslu sérfræðingahópsins verði hafin yfir allan vafa.

Þá fjallar Arnar nokkuð um samskipti LL og lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, Alþingi og þingnefndir frá bankahruninu. Af eðlilegum ástæðum jukust þessi samskipti mjög mikið og liggja fyrir því ýmsar ástæður, sem margar tengjast efnahagshruninu og áhrif þess á stöðu ríkissjóðs, lífeyrissjóða, fólks og fyrirtækja. Breyta hefur þurft lögum um lífeyrissjóði eða skyldum lögum, ýmist að okkar frumkvæði eða stjórnvalda. Arnar þakkaði starfsfólki fjármálaráðuneytis og sérstaklega fjármálaráðherra fyrir mjög góðan skilning og stuðning við starfsemi lífeyrissjóðanna í því mikla ölduróti sem gengið hefur yfir íslenskt þjóðfélag. Einnig þakkaði Arnar öllum þeim sem komu að starfsemi samtakanna með einum og öðrum hætti á liðnu starfsári.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL gerði grein fyrir ársreikningi samtakanna fyrir árið 2009 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og vara-stjórn. Eftirtaldir voru kjörnir sem aðalmenn til tveggja ára í stjórn: Arnar Sigurmundsson, Friðbert Traustason, Guðrún Guðmannsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson. Var-menn til eins árs voru kosnir þau Arnaldur Loftsson, Bjarki A. Brynjarsson, Björn Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Jón G. Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson, Sigrún Helga Einarsdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.

Tekin var ákvörðun um þóknun til aðalmanna og varamanna í stjórn og um árgjald til samtakanna. Að lokinni kynningu Hrafn Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2010 var fundi slitið.

VIÐBRAGÐSHÓPUR LL

Í maí 2010 stofnaði stjórn LL til nokkurra starfshópa til að vinna að tilteknum málum sem varða starfsumhverfi og starfsemi lífeyrissjóða. Meðal þeirra var svonefndur viðbragðshópur.

Verkefni hans var að fara einkum yfir þá þætti í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem varða lífeyrissjóðina og þá sérstaklega gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við viðskiptabankana þrjár. Kanna lögmæti og riftun slíkra samninga í samráði við lögmenn.

Í hópinn voru skipuð Stefán Auðólfsson, lögfræðingur hjá LSR, formaður, Tómas N. Möller, lögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Helga Indriðadóttir sjóðstjóri hjá Almenna lífeyrissjóðnum og Davíð Rudolfsson forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi lífeyrissjóði.

Nefndin hélt fjölmarga fundi á tímabilinu maí 2010 til apríl 2011. Meginstarf nefndarinnar laut að því að gera úttekt á stöðu lífeyrissjóðanna varðandi uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga lífeyrissjóðanna við viðskiptabankana. Einnig var unnið yfirlit yfir helstu kafla í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem lúta að lífeyrissjóðunum. Við vinnu nefndarinnar var tekið tillit til þess að ákveðið starf hefur verið unnið á vegum annarra starfshópa á vegum LL.

Helstu niðurstöður í vinnu viðbragðshópsins voru eftirfarandi:

1. Leitað var til ALM Fjármálaráðgjöf h.f. til að vinna skýrslu um gjaldmiðlavarnarsamninga lífeyrissjóðanna. Skýrsla ALM var kynnt á fundi með lífeyrissjóðunum á síðasta vetri.
2. Í framhaldi af þeirri skýrslu vann hópur þriggja hæstaréttarlögmanna skýrslu um gjaldmiðlavarnarsamningana í samvinnu við ALM. Skýrslunni er ætlað að vera stoðgagn við uppgjör lífeyrissjóðanna á gjaldmiðlavarnarsamningum þeirra við föllnu við-




Gjaldmiðlavarnarsamningar lífeyrissjóðanna

Spurning í febrúar 2011

Notar lífeyrissjóður gjaldmiðlavarnir til að draga úr gjaldeyrisáhættu?

- Nota gjaldmiðlavarnir, verja 100% erlendra eigna
- Nota gjaldmiðlavarnir, verja 50% erlendra eigna
- Engin vörn



Heimild: Institutional Investor Institute.

skiptabankana. Skýrslan var kynnt á fundi lögmanna með forsvarsmönnum lífeyrissjóða nú í vor.

3. Skoðun fór fram á umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, einkum varðandi þá þætti sem lúta beint að lífeyrissjóðunum. Rétt er að taka fram að um almenna úttekt var að ræða en ekki ítarlega greiningu á umfjöllun rannsóknarnefndarinnar.
4. Lagastofnun Háskóla Íslands var fengin til að taka saman álitssgerð um það á hvaða grundvelli og með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir, sem hluthafar annars vegar og skuldabréfaeigendur hins vegar, geti með sem skilvirkustum hætti sótt rétt sinn á hendur þeim sem ábyrgð báru á rekstri viðkomandi félaga og eftir atvikum því tapi sem þeir kunna að hafa valdið með bótaskyldum hætti. Von er á skýrslunni nú í vor.

Miðað er við að starfshópurinn skili innan tíðar loka-skýrslu sinni til stjórnar LL.



Kindur á Búðarhálsi

EIGNASTÝRINGARHÓPUR LL

Lífeyrissjóðir eru landsmönnum öllum og sjálfu samfélaginu verulegt hagsmunamál og því einkar mikilvægt að eignum sjóðanna sé stýrt af fagmennsku, kostgæfni og varfærni. Almenningsgerir auknar kröfur um góða stjórnarhætti við fjárfestingar lífeyrissjóða, sem bæði er eðlilegt og réttmætt.

Hrun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur dregið athygli að fjárfestingum og fjárfestingarhegðun stofnana fjárfesta um allan heim, einnig á Íslandi. Umfjöllun um fjárfestingarvenjur íslenskra lífeyrissjóða er því hluti af alþjóðlegri umræðu þar að lútandi. Hvarvetna þar sem sjóðsöfnun hefur tekist vel á sér stað málefnaleg og gagnrýnin umræða um góðar venjur í eigna- og áhættustýringu.

Í ljósi þessa skipaði stjórn LL starfshóp í apríl 2010 til að fjalla um góðar venjur í eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða. Hópnum var falið að skrifa leiðarvísi fyrir stjórnendur og starfsmenn lífeyrissjóða til að hafa til hliðsjónar í starfsemi. Starfshópurinn skilaði vandaðri skýrslu í

desember 2010 og með fylgdi ítarefni sem hann hafði tekið saman.

Skýrslan er leiðarvísir að góðum venjum í stjórnun, eigna- og áhættustýringu og byggist á bókum og greinum fræðimanna sem hafa rannsakað lífeyrissjóði í áratugi. Leiðarvísirinn tekur mið af samanburði við leiðbeinandi til-mæli OECD og samanburði við lög og reglur í ríkjum þar sem náðst hefur sambærilegur árangur og á Íslandi í uppbyggingu lífeyrissjóða.

Starfshópurinn skipuðu Ólafur Sigurðsson, sem jafnframt var formaður, Baldur Þór Vilhjálmsson, Helga Indriðadóttir, Kári Arnór Kárasón, Marínó Örn Tryggvason, Stefán Halldórsson og Tómas Njáll Möller.

Skýrslan „Góðar venjur í eigna- og áhættustýringu“ er aðgengilegt á vef LL, *ll.is*. Þar er líka að finna ítarefni um flokkun áhættuþátta, viðmiðunarreglur OECD um stjórnun og um eignastýringu lífeyrissjóða og heimildaskrá um íslenska lífeyrissjóði.

ÚTTEKTARNEFND LL

Stjórn og varastjórn LL samþykkti einróma á fundi sínum þann 24. júní 2010 að skipa þriggja manna nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga sem fái það hlutverk að kanna ítarlega starfshætti og fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins á Íslandi í október 2008.

Nefndin skal einkum fjalla um hvernig staðið var að stefnumótun og ákvarðanatöku, áhættumati og samskiptum stjórnenda lífeyrissjóða við fjármálaframtæki í aðdraganda bankahrunsins. Í þessu sambandi verði skoðað hvernig gildandi fjárfestingastefnu sjóðanna var fylgt eftir síðustu tvö árin fyrir hrun bankanna.

Nefndin skal einnig taka til umfjöllunar þau atriði sem beinast sérstaklega að lífeyrissjóðum og starfsháttum þeirra í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og sérstaks vinnuhóps um starfshætti og siðferði um aðdraganda og orsakir falls bankanna. Nefndin taki sjálf ákvörðun hvernig hún hagi störfum sínum þar á meðal um nánari afmörkun verkefnisins.

Fundur stjórnar og varastjórnar LL samþykkir að fela ríkissáttasemjara að tilnefna þá þrjá einstaklinga sem skipaðir verða í nefndina. Nefndin skipti sjálf með sér verkum.

Ríkissáttasemjari ákvað að verða við þessari ósk LL og tilnefndi eftirtalda einstaklinga til setu í umræddri nefnd:

- Hrafn Bragason, lögfræðing og fyrrverandi hæstaréttardómara, sem er formaður nefndarinnar,
- Guðmund Heiðar Frímansson, siðfræðing og prófessor við Háskólann á Akureyri og
- Héðinn Eyjólfsson, viðskiptafræðing í Reykjavík.

Nefndin réð í upphafi starfsins Kristján Geir Pétursson, lögfræðing, sem starfsmann nefndarinnar og einnig nokkru síðar Þórunni Ansnes, viðskiptafræðing.

Starf nefndarinnar hefur tafist nokkuð og er stefnt að því að nefndin ljúki störfum með útgáfu skýrslu til stjórnar LL nú í haust.



Bátar á Breiðafirði

FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS

Starfsemi Framtakssjóðs Íslands, FSÍ, hefur verið töluvert í fréttum á undanförunum mánuðum, einkum vegna kaupa sjóðsins á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbanka Íslands s.l. haust og þá ekki síður vegna viðræðna við fjárfestingasjóðinn Triton vegna hugsanlegra sölu FSÍ á Icelandic Group.

Óhætt er að fullyrða að nokkuð hafi gustað um starfsemi Framtakssjóðsins í fjölmiðlum og að í þeirri orrahríð hafi hann ekki alltaf notið sannmælis. Verður nú vikið að helstu verkefnum Framtakssjóðsins.

Í júní í fyrra gerði FSÍ bindandi samkomulag við Icelandair Group hf. þess efnis að sjóðurinn muni fjárfesta í fyrirtækinu fyrir 3 milljarða króna. Samningurinn var gerður með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar sem Framtakssjóðurinn lét síðan gera á fyrirtækinu. FSÍ skráði sig fyrir 1,2 milljörðum nýrra hluta á genginu 2,5 eða alls fyrir 3 milljarða króna.

Niðurstöður áreiðanleikakönnunar og endanlegir samningar við lánardrottna félagsins lágu fyrir í lok ágúst. Í hlutfjárúboði í desember skráði FSÍ sig fyrir 250 milljón viðbótahlutum í félaginu fyrir 625 milljónir króna og er hlutur FSÍ í Icelandair nú 29%.

Við hlutfjárhækkarnir og fjárhagslega endurskipulagningu í formi yfirfærslu og sölu á tilteknum eignum, sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi félagsins, lækkuðu skuldir þess um nær tvo tugi milljarða króna.

S.l. haust keypti síðan FSÍ eignarhaldsfélagið Vestia ehf. af Landsbankanum. Átta fyrirtæki fylgdu Vestia til Framtakssjóðsins en hjá þeim vinna um 6000 manns. Framtakssjóðurinn greiddi Landsbankanum 15,5 milljarða króna fyrir Vestia, en með kaupunum eignaðist bankinn um 27% hlut í sjóðnum.

Fyrirtækin sjö sem eru inni í Vestia eru eftirtalin:

- Icelandic Group, sem áður hét SH og er alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki með samtals 30 dótturfélög og starfsemi í 14 löndum. Landsbankinn hélt eftir 19% hlut í Icelandic Group í stað þess að selja félagið að fullu. FSÍ hefur kauprétt á þeim 19% hlut í allt að 12 mánuði

- Teymi sem er eignarhaldsfélag á sviði fjarskipta og upplýsingatækni og á eftirfarandi félög: Vodafone, Skýrr, EJS, HugAx og tvö öflug upplýsingatæknifyrirtæki á Norðurlöndunum.
- Húsasmiðjan sem er blóma- og byggingavöruverslun með 16 verslanir um allt land.
- Plastprent sem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma.

Eins og áður er getið átti Framtakssjóðurinn í viðræðum við fjárfestingarsjóðinn Triton um kaup á verksmiðjurekstri Icelandic Group. Stjórn FSÍ ákvað á fundi sínum 1. febrúar s.l. að hafna tilboði Triton í þessar eignir og var viðræðum þar með lokið.

Framtakssjóður Íslands skilaði 700 milljónum króna í hagnað á árinu 2010. Heildareignir sjóðsins í árslok námu um 5,6 milljörðum króna og eigið fé í lok árs var 4,9 milljarðar.

Við síðustu áramót var hlutur sjóðsins í Icelandair Group eina hlutabréfaeign félagsins. Í janúar s.l. samþykkti Samkeppniseftirlitið vegar ofangreind kaup Framtakssjóðsins á Vestia. Með þeirri viðbót nemur samanlögð velta fyrirtækja í eignasafni sjóðsins nú um 300 milljörðum króna og hjá þeim starfa um 8.000 starfsmenn, um helmingur þeirra á Íslandi.

Verkefnin framundan eru að halda áfram að byggja upp eignasafnið, vinna að sölu á þeim eignum sem búið er að tilkynna að fari í söluferli og þróa áfram önnur fyrirtæki í eigu sjóðsins.



KAUP LÍFEYRISSJÓÐANNA Á EIGNUM AVENS

Stjórnir 26 íslenskra lífeyrissjóða samþykktu í lok maí í fyrra að kaupa ríkistryggð skuldabréf af Seðlabanka Íslands fyrir um 88 milljarða króna. Eftirspurn eftir bréfunum reyndist meiri en framboðið og því var skuldabréfum í útboðinu skipt á milli sjóðanna í samræmi við tiltekna reiknireglu þar sem heildareignir sjóðanna og erlendar eignir þeirra í árslok 2009 voru vegnar jafnt saman. Bréfin voru seld á 7,2% fastri ávöxtunarkröfu.

Um er að ræða bréf sem Íbúðalánasjóður gaf út á sínum tíma og Landsbanki Íslands setti inn í Avens B.V., félag sem bankinn stofnaði árið 2008. Bréfin voru notuð þar sem veð fyrir lánnum frá seðlabankanum í Luxemborg. Hins vegar keyptu lífeyrissjóðirnir skuldabréf sem ríkissjóður Íslands og Seðlabankinn eignuðust í kjölfar bankahrunsins.

Seðlabanki Íslands hafði nokkru fyrr náð fullum yfirráðum yfir eignum Avens, með samningi við skiptastjóra Landsbankans í Luxemborg og við seðlabanka Luxemborgar. Samkomulagið er talið mikilvægt skref í átt að afnámi gjaldeyrishafta á Íslandi, enda var Avens stærsti einstaki, erlendi eigandi skuldabréfa í íslenskum krónum. Seðlabanki Íslands bauð lífeyrissjóðum að kaupa skuldabréf úr „pakkanum frá Luxemborg“ og önnur skuldabréf.

Af hálfu Seðlabankans var sett það skilyrði að lífeyris-

sjóðirnir fjármögnuðu kaupin með evrum. Lífeyrissjóðirnir seldu því erlendar eignir sem nam fjárfestingunni. Kjörin á þessum skuldabréfum, sem lífeyrissjóðirnir keyptu voru langtum betri en buðust á markaði.

Lífeyrissjóðirnir drógu úr dreifingu áhættu í fjárfestingum við að losa um erlendar eignir sínar og flytja fjármuni hingað til lands. Á hinn bóginn er talið að þessi mikla fjárfesting muni flyta fyrir því að afnema gjaldeyrishöftin. Síðast en ekki síst er ávöxtunarkrafa skuldabréfanna umtalsvert hærrí en miðað er við í tryggingafræðilegu uppgjöri lífeyrissjóða. Því má ætla að viðskiptin hafi bætt tryggingafræðilega stöðu íslenska lífeyriskerfisins um 1-2%.

Samkvæmt samkomulaginu seldu lífeyrissjóðirnir erlendar eignir og greiddu fyrir bréfin í evrum, alls um 549 milljónir evra. Við þessi viðskipti jókst gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands um 82 milljarða króna (512 milljónir evra) eða sem nemur 17%.

Ekki var unnt að koma við opnu útboði vegna flókinna skilyrða og fyrirvara sem fylgdu sölnunni um afhendingu. Þá var talið nauðsynlegt að flyta samningum til að eyða óvissu og mögulegum markaðsáhrifum sem óhjákvæmilega leiða af sölu á svo miklu magni íbúðabréfa.



Fifur

UM AÐGERÐIR VEGNA SKULDSETTRA HEIMILA

Í fyrra áttu forystumenn LL í umfangsmiklum viðræðum við stjórnvöld og fjármálastofnanir vegna skuldavanda heimilanna. Þeim áfanga lauk með undirritun sérstakrar viljayfirlýsingar í Þjóðmenningarhúsinu þann 3. desember s.l. Viljayfirlýsingin er samvinnuverkefni stjórnvalda, fjármálastofnana, lífeyrissjóða og Íbúðarlánasjóðs. Markmiðið er að skapa bærilegri aðstæður fyrir fólk og atvinnulíf og af sjálfu leiðir að slíkt skiptir líka miklu máli fyrir lífeyrissjóði landsmanna.

Breytingar á samkomulagi um sértæka skuldaaflög

Rétt fyrir jól var síðan undirritað nýtt samkomulag um sértæka skuldaaflög og var það gert í samræmi við ofangreinda viljayfirlýsingu. Sértæk skuldaaflög er ætluð heimilum í alvarlegum skuldavanda og tilgangur hennar er að þau geti fengið skilvirka og varanlega lausn, þar sem skuldir og eignir eru lagaðar að greiðslugetu. Úrræðið byggir á lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja.

LL undirritaðu samkomulagið með fyrirvara um samþykki einstakra lífeyrissjóða.

Helstu breytingar eru þessar:

1. Aðgengi að úrræðinu er opnað með þeim hætti að greiðslugeta heimilis þarf að lágmarki að vera 70% af verðmæti húseignar, í stað 80% áður, á skuldaaflögunartímabilinu sem er þrjú ár. Eftir að skuldaaflögun lýkur er gert ráð fyrir að greiðslugeta heimilis standi undir 100% af verðmæti húseignar.
2. Ef heimili stendur ekki undir 100% greiðslugetu af húseign verður veitt biðlán sem er ekki er greitt af á skuldaaflögunartíma og er biðlánið vaxta- og verðbótalaust á tímabilinu.
3. Kveðið er á um innheimtu skulda sem tryggðar eru með lánsveði. Heimilt er að fresta innheimtu skuldar með lánsveði hjá lántaka á skuldaaflögunartímabili. Er þá miðað við að lántaki hefji aftur greiðslur að lokinni skuldaaflögun, ef sýnt þykir að greiðslugeta hans verði viðunandi eftir að aflögunartímabili lýkur. Innheimta láns, sem tryggt er með veði í fasteign sem er lögheimili þriðja manns, sem lántaka er um megn að greiða, takmarkast við greiðslugetu eigenda veðsins. Verður fullnustu ekki leitað fyrr en eign er seld, sé greiðslugeta eiganda ekki fyrir hendi, nema greiðsluvilji sé ekki til staðar þrátt fyrir greiðslugetu. Veðið stendur þá áfram til tryggingar kröfunni með verðbótum og vöxtum.
4. Til að flýta úrvinnslu mála munu fulltrúar kröfuhafa sem eru aðilar að samkomulaginu koma á fót sameiginlegum vettvangi til að samræma vinnubrögð, leysa úr ágreiningi sem kann að skapast milli kröfuhafa og undirrita samninga um sértæka skuldaaflög.

Samkomulag um aflögun fasteignalána vegna skuldavanda heimilanna

Þann 15. janúar s.l. var síðan undirritað samkomulag um nánari útfærslu aðgerða í þágu yfirveðsettra heimila í samræmi við ofangreinda viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og lánveitenda, frá 3. desember s.l. LL undirritaðu samkomulagið með fyrirvara um samþykki einstakra lífeyrissjóða.

Heimilum þar sem áhvílandi veðskuldir eru umfram 110% af verðmæti fasteignar, býðst að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti eigna. Það er skilyrði niðurfellingar skulda að umsækjandi og/eða maki hans, eftir því sem við á, séu eigendur hinnar veðsettu eignar og greiðendur áhvílandi lána og að eignin sé notuð til heimilishalds umsækjanda.

Önnur helstu atriði samkomulagsins eru þessi:

Sett er upp einfaldari leið fyrir lántaka sem óska eftir niðurfellingu um allt að 4 m.kr. fyrir einstaklinga og 7 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón. Tekið verður tillit til annarra aðfararhæfra eigna. Ef veðrymi er á þeim eignum, lækkar niðurfærsla veðskulda sem því nemur. Hjá lífeyrissjóðum mun lækkun skulda einnig takmarkast við að greiðslubyrði umsækjanda af lánum sem samkomulagið tekur til verði ekki lægri en sem svarar 18% af brúttótekjum eftir beitingu úrræðisins.

Lántakar sem eru með veðsetningu umfram 110% af verðmæti fasteignar, þrátt fyrir lækkun veðskulda um 4 eða 7 m. kr., geta óskað eftir frekari niðurfellingu. Niðurfellingin getur í heild numið allt að 15 m.kr. fyrir einstaklinga og 30 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón. Mörk niðurfellingar ráðast af 110% veðsetningarhlutfalli af verðmæti eigna og að greiðslubyrði umsækjanda af lánum, sem samkomulagið tekur til, fari ekki niður fyrir 18% af brúttótekjum, eins og áður segir.

Skuldir sem færa má niður samkvæmt samkomulaginu eru skuldir sem stofnað var til vegna fasteignakaupa umsækjanda á árunum fyrir 2009 og hvíla með veði á eign sem er til heimilishalds lántaka og uppfylla rétt til vaxta-



Heyskapur

bóta. Þó eru undanskilin lán sem veitt voru til endurbóta af Íbúðalánasjóði og voru yfir fasteignamatí hinnar veðsettu eignar við lánveitingu.

Þegar um gengistryggð lán er að ræða er miðað við höfuðstól þeirra að loknum endurútreikningi samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/2010 um endurreikning gengistryggðra lána og mat á skuldastöðu miðað við þannig endurreiknaðar eftirstöðvar þeirra lána. Þetta ákvæði samkomulagsins á ekki við um lífeyrissjóðina, þar sem þeir voru ekki lánveitendur gengistryggðra lána.

Þeir lántakar, sem hafa þegar fengið niðurfellingu skulda sinna niður í 110% af verðmæti eigna sinna á grundvelli annarra úrræða, geta átt þess kost að fá frekari niðurfellingu að uppfylltum skilyrðum samkomulagsins.

Lántaki skal snúa sér til þess lánveitanda íbúðaláns sem er á aftasta veðrétti. Sá lánveitandi, sem lántaki leitar til, heldur utan um málið gagnvart öðrum lánveitendum.

Unnt er að sækja um niðurfellingu skulda samkvæmt samkomulaginu fram til 1. júlí 2011.

Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samkomulagið kemur ekki í veg fyrir að lánveitendur veiti viðskiptavinum sínum frekari greiðsluferfiðleikaúrræði.

Samningsaðilar hafa á undanförunum mánuðum unnið hörðum höndum að ýmss konar samræmingarvinnu vegna ofangreindra samkomulaga. Hefur sú vinna verið unnin í nánú samstarfi við Samtök fjármálfyrirtækja og Íbúðarlánasjóð með fullri vitund og samþykki Samkeppniseftirlitsins og Umboðsmanns skuldara.

ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum Landssamtaka lífeyrissjóða er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. LL eru því aðili að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „European Federation for Retirement Provision“, skammstafað EFRP. Í dag eiga 21 þjóð aðild að samtökunum. Þar af sextán aðildarríki Evrópusambandsins auk fimm annarra ríkja.

Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemi felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökupjóðanna.

Viðfangsefni EFRP á liðnu ári lutu m.a. að virkri þátttöku í umræðu um grænbók ESB um lífeyrismál sem kynnt var í júlí s.l. „Green Paper towards adequate, sustainable and safe European pension systems“, kynningu á reglum um aukið eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða á vettvangi ESB og þátttöku í umræðu um reglusetningu ESB, tengda ýmsum fjármálaafurðum, t.a.m. fagfjárfestasjóðum og afleiðum sem og innleiðing Solvency II.



Heimild: Towers Watson.

UMSAGNIR

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir þeim sjónarmiðum sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Verður nú getið helstu umsagna samtakanna.

Starfsendurhæfingarsjóður

Í frumvarpinu er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til greiða 0,13% af iðgjaldastofni sínum til Starfsendurhæfingarsjóðs. Jafnframt er lagt til að lífeyrissjóðirnir annist skil á iðgjaldi launagreiðenda til sjóðsins.

Landssamtök lífeyrissjóða fagna stofnun Starfsendurhæfingarsjóðs og vænta mikils árangurs af starfsemi hans. Samtökin telja hins vegar, miðað við slæma tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna, að fresta beri að leggja þetta gjald á lífeyrissjóðina þar til 1. janúar 2011.

Þá taka LL fam að þau sakni þess að ekki er að finna neina kostnaðaráætlun í frumvarpinu, hvernig verja skuli svo miklum fjármunum sem lagt er til að lífeyrissjóðirnir greiði til Starfsendurhæfingarsjóðsins, sem er um 800 til 900 milljónir króna á ársgrundvelli.

Jafnframt telja LL eðlilegt að Starfsendurhæfingarsjóður greiði lífeyrissjóðunum sanngjarna þóknun fyrir að annast innheimtu á framlagi atvinnurekenda til sjóðsins, líkt og verkalyðsfélögin gera þegar lífeyrissjóðir sjá um innheimtu félagsgjalda samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Einnig telja LL mjög mikilvægt að sett verði ákvæði í lögum þess efnis að framlag lífeyrissjóðanna í Starfsendurhæfingarsjóð hafi ekki í för með sér að tryggingafræðileg staða sjóðanna versni frá því sem hún er nú. Það merkir að framlagið hafi ekki í för með sér sjálfkrafa lækkan á lífeyrisréttindindum sjóðfélaga, þar sem það verði talið íþyngjandi hinni tryggingafræðilegri stöðu. Það sé reyndar skilyrði af hálfu LL fyrir stuðningi við frumvarpið að tryggt verði að slíkt ákvæði verði sett í lögum eða í reglugerð. Ákvæðið ætti ekki að valda ágreiningi þar sem telja verður að framlag lífeyrissjóðanna í Starfsendurhæfingarsjóð muni lækka örorkubyrði lífeyrissjóðanna í framtíðinni.

Greiðsluaðlögun einstaklinga í skuldavanda

LL eru fylgjandi samþykkt frumvarpsins enda mikilvægt að setja skýrari reglur í samskiptum kröfuhafa og skuldara. Er í því sambandi m.a. vísað til ákvæða um aðstoð við skuldara vegna umsóknar um greiðsluaðlögun, málsmeðferðarreglur fyrir umsókn um greiðsluaðlögun, ákvæði um umboðsmann skuldara og ákvæði sem tryggja aðkomu kröfuhafa að ferlinu.

Þrátt fyrir að LL telji frumvarpið að meginsteftu til bóta vilja samtökin koma á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum við efni þess.

1. LL telja að sú mismunun sem kemur fram í frumvarpinu á milli veðtryggðra og óveðtryggðra krafna sé óeðlileg. Það er ekki réttmætt að svipta eiganda veðtryggðra krafna rétti til greiðslna með þeim hætti sem gert er í ákvæðinu til þess að veita kröfuhöfum óveðtryggðra krafna forgang að greiðslum. Þó kann að vera eðlilegt að hliðra til greiðsluskilmálum, t.a.m. með lengingu lánstíma.
2. Greiðsluaðlögun er í sjálfu sér íþyngjandi úrræði fyrir kröfuhafa sem felur í sér beina og óbeina þvingun að lögum. Því er eðlilegt að mæla fyrir um það að sýnt sé fram á að skuldari hafi fullreynt vægari úrræði áður en hann öðlast rétt til að nýta sér úrræði sem felast í greiðsluaðlögun.
3. Eðlilegt er að reisa tiltekna skorður við heimild skuldara til ráðstöfunar eigna sinna og réttinda sem og heimild til að stofna til nýrra fjárskuldbindinga á meðan á greiðsluaðlögun stendur.
4. Til að auka skilvirkni og jafnræði með aðilum er rétt að mæla fyrir um að kröfuhöfum verði við upphaf meðferðar umsóknar um greiðsluaðlögun sent afrit af umsókn skuldara. Slíkt auðveldar kröfuhafa að gæta eðlilegra hagsmuna sinna og að svara skuldara og umboðsmanni hans með upplýstum hætti.
5. Að mati LL orkar það tvímælis að einstaklingur sem hefur mjög takmarkaða eða enga getu til greiðslu afborgana af skuldum eigi rétt til greiðsluaðlögunar. Það er í raun mótsögn í sjálfu sér að ræða um greiðsluaðlögun, ef geta til greiðslu skulda er engin.
6. Í frumvarpinu er vikið að forsendum fyrir mati á greiðslugetu skuldara. Þau viðmið eru huglæg og almenn. LL telja að rétt sé að setja skýrari viðmið í þessu sambandi til að tryggja jafnræði og samræmi í framkvæmd. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að til að mynda Ráðgjafastofa heimilanna og fjármálafyrirtæki hafa sett fram ákveðin viðmið í þessum efnunum.

Umboðsmaður skuldara

LL telja að frumvarp þetta sé til mikilla bóta og mæla með samþykki þess. Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna, sem stofnað var sem tilraunaverkefni á árinu 1996, hefur fyllilega staðið undir væntingum í tímans rás. Undir þau sjónarmið er nú hins vegar tekið, að komið sé að ákveðnum tímamótum í starfsemi Ráðgjafastofunnar og því sé eðlilegt að Embætti umboðsmanns skuldara taki við verkefnum hennar.

Gerð er þó sú athugasemd við ákvæði frumvarpsins, þar sem fjallað er um upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara. Í ákvæðinu er um að ræða mjög víðtæka heimild til öflunar upplýsinga og þarf að skoða ákvæðið nánar m.a.

með hliðsjón af 32. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um þagnarskyldu. Eðlilegt er að ákvæði frumvarpsins um upplýsingaöflun nái fyrst og fremst til stjórnvalda.

Um gjaldþrotaskipti o.fl.

LL telja vart framkvæmanlegt að skuldari geti búið áfram í allt að 12 mánuði í húsnæði í eigu þrotabúsins, þar sem ljóst sé að ekki verður í reynd hægt að ljúka gjaldþrotaskiptum á þessum 12 mánuðum. Þá er í frumvarpinu ekki að finna neinar leiðbeinandi upplýsingar fyrir skiptastjóra við hvaða aðstæðu heimil sé fyrir einstakling að búa áfram í húsnæði þrotabúsins.

Sömu sjónarmið um búseturétt í allt að 12 mánuði eiga einnig við varðandi breytingar á lögum um nauðungarsölu. Þá eru engar tryggingar fyrir hvers konar spjöllum á eigninni, eins og áskilið er í breytingum á lögum um gjaldþrotaskipti.

Tímabundin greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði

LL taka undir það sjónarmið og mikilvægi þess að búa svo um hnútana að fólki verði gert kleift að vinna sig út úr fjárhagsvandráðum án þess að til uppgjors þurfi að koma á grundvelli gjaldþrotáurskurðar. Í því sambandi skiptir máli að gætt sé sanngirni, jafnræðis og að eigendum kröfuréttinda sé ekki gert að gefa eftir réttindi sín að óþörfu og á

forsendum sem eru í andstöðu við meginreglur um samningsfrelsi, eignarétt og réttmætar væntingar.

LL eru fylgjandi samþykkt frumvarpsins og telja að í því sé að finna réttarbætur sem séu til þess fallnar að auðvelda samskipti kröfuhafa og skuldara við uppgjör skulda. Samtökin telja þó ástæðu til að koma á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum við efni frumvarpsins.

1. LL telja að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu varðandi meðhöndlun svokallaðra lánsveða fái ekki staðist. Verði ákvæðið að lögum getur það leitt til þess að veðkröfur sem tryggðar eru með veði þriðja aðila, svokölluðu lánsveði, verði felldar niður. Slík niðurfelling er óeðlileg og felur í sér óréttmæta eftirgjöf kröfuréttinda sem njóta eignaverndar. Í því sambandi er rétt að benda á að í mörgum tilvikum er lánsveð veitt einmitt í þeim tilgangi að vera til vara ef greiðslugeta skuldara brestur. Það er þá oft meginforsenda þess að lánið er upphaflega veitt. Vera kann að aðstæður eiganda lánsveðs geti verið með þeim hætti að þær geti réttlætt eftirgjöf að hluta eða öllu leyti. Hins vegar er almenn og fyrirvaralaus eftirgjöf slíkra veðréttinda ekki eðlileg og verulegur vafi á að hún fái staðist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.
2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt sé að færa veðkröfur sem stofnað er til í nafni lánsveðsala af



Glæsileg golfbraut

lánsveði inn í veðröð á fasteign í eigu þess sem sækir um greiðsluaðlögun, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Telja verður sú ráðstöfun að veita heimild til að knýja fram skuldaraskipti og grípa þannig inn í samninga aðila fái ekki staðist. Það fer jafnframt gegn þeim grunvallarreglum sem gilda um réttarreglur varðandi þinglýsingar og áhrif þeirra gagnvart þriðja aðila. Þá býður sú leið upp á mismunun og hættu á margvíslegum réttarágreiningi.

3. Þá orkar það mjög tvímælist að löggjafinn lögfesti slík ákvæði, sem hafa afturvirk áhrif, í ljósi þess að fyrir liggur dómur héraðsdóms, þar sem lagaákvæði sem varða svipaða meðferð krafna eru talin í andstöðu við eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Í ljósi framangreindrar sjónarmiða og þeirrar réttaróvissu sem er uppi varðandi þau álitamál sem hér um ræðir leggja LL áherslu á að umrædd ákvæði frumvarpsins verði breytt.
4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skuldari geti fengið heimild til að greiða fastar mánaðarlegar greiðslur, sem megi þó ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla megi, samkvæmt mati umsýsnarmanns, að svari til þeirra húsaleigu sem skuldara er kleift að greiða og hæfileg geti talist með tilliti til aðstæðna hans. Hér er verið að leggja til breytingu frá gildandi reglu sem felur í sér að fastar mánaðarlegar greiðslur skuli ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir eignina. Það orkar mjög tvímælis að veita skuldara rétt til að búa í fasteign gegn endurgjaldi sem svarar á engan hátt til þess sem almennt má gera ráð fyrir að hann þyrfti að greiða fyrir á almennum markaði. Slík niðurstaða er vart eðlileg og ekki í samræmi við jafnræðissjónarmið. Í þeim tilvikum sem skuldari getur ekki greitt gjald sem svarar til hóflegar leigu má færa rök fyrir því að forsendur fyrir



Stykkishólmur

greiðsluaðlögun séu ekki til staða og eðlilegra sé að leita annarra úrræða.

5. Þá vilja LL vekja athygli nefndarinnar að í frumvarpinu er lagt til að umsýsnarmaður geri tillögu um að veðskuldir nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til 80-110% söluverðs fasteignar á almennum markaði. Hins vegar er ekki að finna neinar leiðbeiningar um það í hvaða tilvikum skuli miða við lægstu eða hæstu mörk veðsetningarhlutfalls. Í því sambandi má benda á að sama prósentuhlutfall er að finna í samningi lánastofnana um sértæka skuldaaðlögun. Þar er mælt fyrir um að miða skuli veðsetningarhlutfall við greiðslugetu skuldara. LL telja eðlilegt að mælt verði um sams konar viðmið í þeim ákvæðum sem hér um ræðir.

Breytingar á lögum um húsnæðismál

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að vikkadar verði út heimildir Íbúðalánasjóðs til að veita lán til endurbóta á fjöleignarhúsum og til að bæta aðgengi að húsnæði fyrirtækja og stofnana.

Í umsögn LL er þess getið að lífeyrissjóðirnir séu stærstu lánveitendur Íbúðalánasjóðs og hafi verið svo um áratuga skeið. Því skiptir miklu máli að fjárhagsleg staða sjóðsins sé tryggð. Ofangreindar breytingar eru ekki líklegar til að styrkja stöðu sjóðsins, svo séð verði, þar sem útlán samkvæmt þessum breytingum hljóta að teljast ívið áhættusamari lána flokkar, en þeir sem nú þegar eru veittir af sjóðnum. Því verður að huga vel að fjárhagslegum styrk Íbúðalánasjóðs.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

LL telja til bóta að hafa reglur um innstæðutryggingar. Í því sambandi er m.a. bent á ákvæði um tryggingu innstæðna sem ávaxtaðar eru á bundnum innlánsreikningum, í sumum tilvikum safnreikningum hjá vörsluaðilum lífeyrisparnaðar. Meðal annars er vísað til þess að í skýringum kemur fram að rétthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrisparnaðar teljist innstæðueigandi samkvæmt greininni. Það þyki sanngjarnt að þeir sem hafa safnað séreignarlífeyrisparnaði samkvæmt lögum þar um og eiga hlutdeild í safnreikningum hjá innlánsstofnun sem eingöngu fjárfesti lífeyrisparnað í bundnum innlánum njóti verndar tryggingarsjóðs á sama hátt og þeir viðskiptavinir sem safnað hafa séreignarsparnaði á sambærilegan reikning á eigin nafni. Með tillögu frumvarpsins er tekinn af allur vafi um að form reikningsins eigi ekki að ráða úrslitum um tryggingavernd viðkomandi innstæðueiganda, svo framarlega sem í báðum tilvikum sé um að ræða söfnun á bundinn innlánsreikning samkvæmt fjárfestingarstefnu vörsluaðila.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að endurkröfur trygg-

ingasjóðsins njóti forgangs umfram almennar kröfur við slitameðferð innlánsstofnunar. Miðað er við að tryggingakerfi það sem hér um ræðir nái ekki til peningamarkaðsinnlána og þau teljist ekki til forgangskrafna og standi því aftar en innlán í kröfuröð við gjaldþrot banka. Sama gildi einnig um kröfur á grundvelli almennra skuldabréfa. Af sjálfu leiðir að slíkt fyrirkomulag, að tryggja ákveðnum flokki krafna forgang umfram aðra með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, mun að öðru óbreyttu hafa áhrif á mat fjárfesta eins og lífeyrissjóða á peningamarkaðsinnlánum og útgáfu innlánsstofnana á almennum óveðtryggðum skuldabréfum. Slíkar fjármögnunarleiðir geta því að öðru jöfnu orðið kostnaðarsamari og/eða torsóttari leið til fjármögnunar fyrir innlánsstofnanir.

Hækkun gjalda til Fjármálaeftirlitsins

LL vísa í athugasemdir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sem greint er frá í fylgiskjölum með frumvarpinu. Sérstaklega er bent á að sú mikla hækkun gjalda sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé verulega þyngjandi fyrir lífeyrissjóðina og aðra eftirlitsskylda aðila og því sé nauðsynlegt að stjórnendur FME séu vakandi yfir öllum þáttum sem geta leitt til aukins kostnaðar.

Vikmörk í tryggingafræðilegum úttektum o.fl.

Þau ákvæði sem aðallega snerta lífeyrissjóðina fjalla annars vegar um að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verði áfram 15% í stað 10% út árið 2010 og hins vegar að gerðar verði sömu kröfur til menntunar og kunnáttu þeirra sem fara með sjóðastýringu lífeyrissjóða og gerðar eru til sjóðstjóra verðbréfasjóðanna, þ.e. að hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. LL leggjast ekki gegn þessum breytingum, en benda að tillaga um framlengingu vikmarkanna úr 10% í 15% er ekki gerð samkvæmt ósk samtakanna.

Útborgun séreignarsparnaðar

Í frumvarpinu er gerð sú breyting að heimilt sé að hefja allt að 5 milljón króna útborgun úr séreignarsparnaði á 12 mánaða tímabili og að útgreiðslutíminn styttist hlutfallslega, ef um lægri fjárhæð er að ræða en 5 milljón kr.

LL leggjast ekki gegn þessum breytingum á útborgun séreignarsparnaðarins en benda á að eðlilegt sé að heimila rétt höfum að taka út fjárhæðina á lengri tíma en 12 mánuðum til að koma í veg fyrir að mánaðarleg fjárhæð lendi í hærra skattþrepi en ella.



Friðarsúlan í Viðey



AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2009 þús. króna	Innan LL %
Lsj. starfsmanna ríkisins	328.470.579	18,59%
Lsj. verzlunarmanna	283.167.253	16,02%
Gildi lífeyrissjóður	227.306.405	12,86%
Stapi lífeyrissjóður	100.303.114	5,68%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	99.207.860	5,61%
Almenni lífeyrissjóðurinn	91.419.876	5,17%
Stafir lífeyrissjóður	79.968.165	4,53%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	76.866.749	4,35%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	67.720.289	3,83%
Festa lífeyrissjóður	58.393.565	3,30%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	52.493.759	2,97%
Lífeyrisjóður bankamanna	43.750.270	2,48%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	41.969.668	2,37%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	31.395.686	1,78%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	27.461.382	1,55%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	26.164.962	1,48%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	25.144.296	1,42%
Lífeyrissjóður bænda	21.691.472	1,23%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	21.368.278	1,21%
Lífeyrissj. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	15.418.293	0,87%
Eftirlaunasjóður FÍA	15.266.670	0,86%
Kjölur lífeyrissjóður	8.036.097	0,45%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	7.377.908	0,42%
Lsj. Rangæinga	4.890.971	0,28%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	2.811.094	0,16%
Ls. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	2.801.216	0,16%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	2.467.036	0,14%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.868.983	0,11%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands*	807.003	0,05%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupst.	565.143	0,03%
Lsj. Neskaupstaðar	509.250	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	92.750	0,01%
Samtals í LL	1.767.176.042	100,00%

* Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands sameinaðist Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda á árinu 2010.

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

ÁRSREIKNINGUR 2010



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2010 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 34,8 millj. kr. og tap á rekstrinum var 28,6 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 87,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 116,0 millj. kr.

Að frumkvæði Landssamtaka lífeyrissjóða var á árinu skipuð þriggja manna nefnd til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins á Íslandi í október 2008. Tilkynnt var um þessa fyrirætlun á aðalfundi Landssamtakanna 18. maí 2010, sem síðan var samþykkt af stjórn og varastjórn á fundi 24. júní. Ríkissáttasemjari skipaði Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómara, formann nefndarinnar og þá Guðmund Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri og Héðinn Eyjólfsson, viðskiptafræðing, í nefndina. Nefndin hóf störf á árinu 2010, en gert er ráð fyrir að hún skili niðurstöðum sínum vorið 2011. Landssamtök lífeyrissjóða greiða kostnað við starf nefndarinnar.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2011

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Arnar Sigurmundsson

Haukur Hafsteinsson

Friðbert Traustason

Guðrún Guðmannsdóttir

Gunnar Baldvinsson

Helgi Magnússon

Konráð Alfreðsson

Þorbjörn Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. t. l. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. mars 2011

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2010

	Skýr.	2010	2009
REKSTRARTEKJUR			
Árgjöld	1b	34.781.883	36.359.427
Aðrar tekjur.....		<u>0</u>	<u>740.987</u>
		<u>34.781.883</u>	<u>37.100.414</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld.....	2	36.789.990	24.025.838
Annar rekstrarkostnaður	3	32.778.624	31.855.377
Afskriftir.....	4	<u>194.077</u>	<u>26.260</u>
		<u>69.762.691</u>	<u>55.907.475</u>
Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....		(34.980.808)	(18.807.061)
Vaxtatekjur		6.405.492	14.201.085
Arður.....		0	7.527.215
Vaxtagjöld.....		(<u>16.100</u>)	(<u>15.156</u>)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>6.389.392</u>	<u>21.713.144</u>
(Tap) hagnaður ársins.....	6	(<u>28.591.416</u>)	<u>2.906.083</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2010	2009
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og innréttingar	4	<u>925.400</u>	<u>149.093</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	5	<u>682.208</u>	<u>682.208</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.607.608</u>	<u>831.301</u>
Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða ehf.		13.521.215	0
Aðrar skammtímakröfur		1.501.763	1.046.502
Handbært fé		<u>85.973.964</u>	<u>119.822.795</u>
Veltufjármunir samtals		<u>100.996.942</u>	<u>120.869.297</u>
Eignir samtals		<u>102.604.550</u>	<u>121.700.598</u>

31. DESEMBER 2010

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2010	2009
Eigið fé	6	<u>87.435.510</u>	<u>116.026.926</u>
SKAMMTÍMASKULDIR			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf.		0	167.517
Aðrar skammtímaskuldir		<u>15.169.040</u>	<u>5.506.155</u>
Skuldir samtals		<u>15.169.040</u>	<u>5.673.672</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>102.604.550</u></u>	<u><u>121.700.598</u></u>



SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2010

	Skýr.	2010	2009
REKSTRARHREYFINGAR			
(Tap) hagnaður ársins	9	(28.591.416)	2.906.083
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	<u>194.077</u>	<u>26.260</u>
Veltufé (til) frá rekstri		(<u>28.397.339</u>)	<u>2.932.343</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun.		(455.261)	(331.317)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		<u>9.662.885</u>	(<u>1.447.328</u>)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>9.207.624</u>	(<u>1.778.645</u>)
Handbært fé (til) frá rekstri		(<u>19.189.715</u>)	<u>1.153.698</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(<u>970.384</u>)	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar		(<u>970.384</u>)	<u>0</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf., breyting		(<u>13.688.732</u>)	(<u>5.235.442</u>)
Fjármögnunarhreyfingar		(<u>13.688.732</u>)	(<u>5.235.442</u>)
Lækkun á handbæru fé		(33.848.831)	(4.081.744)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>119.822.795</u>	<u>123.904.539</u>
Handbært fé í árslok		<u>85.973.964</u>	<u>119.822.795</u>

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
- b. *Innlausn tekna*
Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2009. Árgjöldin eru 0,0425% af 12% lágmarksíðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0024% af hreinni eign í árslok 2009.
- c. *Varanlegir rekstrarfjármunir*
Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.
- d. *Eignarhlutir í félögum*
Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2010	2009
Laun stjórnar og varastjórnar	8.190.000	6.610.000
Laun starfsmanna	14.481.171	12.624.438
Laun úttektarnefndar	7.018.000	0
Laun	29.689.171	19.234.438
Launatengd gjöld	7.100.819	4.791.400
Laun og launatengd gjöld samtals	36.789.990	24.025.838

Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf

	2,25	1,00
--	------	------

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

	2010
--	------

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri	15.063.360
Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar	3.600.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður	810.000
Friðbert Traustason	540.000
Guðrún K. Guðmannsdóttir	540.000
Gunnar Þór Baldvinsson	540.000
Helgi Magnússon	540.000
Konráð Þorsteinn Alfreðsson	540.000
Þorbjörn Guðmundsson	540.000
Jón G. Kristjánsson	157.500
Ólafur Sigurðsson	90.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	90.000
Arnaldur Loftsson	45.000
Björn Snæbjörnsson	45.000
Elsa Björk Friðfinnsdóttir	45.000
Stefán Halldórsson	45.000
Bjarki A. Brynjarsson	22.500

**Skýringar, frh.:****3. Annar rekstrarkostnaður**

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2010	2009
Húsaleiga.....	1.927.842	1.813.241
Annar húsnæðiskostnaður.....	347.808	310.276
Pappír, prentun, ritföng.....	1.222.759	1.067.184
Símakostnaður.....	448.114	436.766
Burðargjöld.....	123.402	132.577
Bækur, blöð og tímarit.....	660.986	350.284
Aðkeypt þjónusta.....	13.964.986	13.842.626
Rekstur bifreiðar.....	2.431.433	2.799.282
Ferðakostnaður.....	1.885.110	1.187.055
Fundir, ráðstefnur, námskeið.....	2.427.693	979.094
Auglýsingar og kynningarkostnaður.....	754.170	662.247
Gott að vita – fræðslusíða.....	0	2.961.016
Félagsgjöld.....	1.791.325	1.578.659
Styrkir.....	2.547.151	3.165.915
Rekstrarkostnaður úttektarnefndar.....	1.932.558	0
Annar kostnaður.....	313.287	569.155
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>32.778.624</u>	<u>31.855.377</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Stofnverð 1.1.2010.....	1.490.974
Keypt á árinu.....	<u>970.384</u>
Stofnverð 31.12.2010.....	<u>2.461.358</u>
Afskrifað 1.1.2010.....	1.341.881
Afskrifað á árinu.....	<u>194.077</u>
Afskrifað 31.12.2010.....	<u>1.535.958</u>
Bókfært verð 31.12.2010.....	<u>925.400</u>
Afskriftahlutföll.....	20%

Skýringar, frh.:

5. Áhættufjármunir

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf.	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða	1,0%	<u>10.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals.....		<u>682.208</u>

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2010.....	24.416.897	91.610.029	116.026.926
Hagnaður ársins.....	<u> </u>	(<u>28.591.416</u>)	(<u>28.591.416</u>)
Eigið fé 31.12.2010	<u>24.416.897</u>	<u>63.018.613</u>	<u>87.435.510</u>

7. Skuldbindingar

Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 0,6 millj. kr. og greiðist á árinu 2011.

